

127. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 28. febrúar 2019 kl. 10.00.

Fundinn sátu: Árný Sigurðardóttir og Kristín Lóa Ólafsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Hörður Þorsteinsson og Páll Stefánsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis.

Fundarritari: Hörður Þorsteinsson.

1. Hólmsheiði athafnasvæði.

Lagt fram bréf frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar dags 05.02.2019, þar sem kynnt er tillaga Umhverfis- og skipulagssviðs um nýtt deiliskiplag fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði. Skipulagssvæðið er um 60 ha að stærð og liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og er í jaðri græna trefilsins.

Bókun:

Framkvæmdastjórn hefur yfirfarið deiliskipulagið fyrir Hólmsheiði og gerir ekki athugasemdir ef frá er talið að skoða þarf hvort hægt sé að leita frekari leiða með rennsli ofanvatns af athafnasvæðinu þannig að það renni ekki inn á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins við öfgaaðstæður.

Þar sem hluti svæðisins fer inná öryggissvæði grunnvatns sbr. vatnsverndarkort samþykkt 2015, er mikilvægt að huga sérstaklega að vöktun á framkvæmdatíma um leið og lögð verði áhersla á að sú starfsemi sem fer inn á svæðið hafi ekki mengunarhættu í för með sér.

2. Skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins sendi Skipulagsstofnun tilkynningu sem var móttækin 24. september 2018 um áformaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins hefur lagt fram viðbótargögn og því óskaði Skipulagsstofnun eftir annarri umsögn þann 15. febrúar 2019 í samræmi við 6. gr. laga nr.106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Lögð fram eftirfarandi gögn:

- a) Greinagerðin með viðbótum
- b) Vegagerðin – áhættumatið
- c) Vegagerðin – framkvæmdaáætlun
- d) Samningur við ÍSOR

Bláfjöll – deiliskipulag, greinagerð, síðast dags. 17.09.2018.

Auk þess voru yfirfarin önnur þau gögn sem tengjast umfjöllun um Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.

Bókun:

Niðurstaða Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins síðastliðið haust, var sú að ónægar upplýsingar lágu til grundvallar framkvæmdaáætlun fyrir skíðasvæðin og því væri nauðsynlegt að krefjast umhverfismats á framkvæmdinni. Í ljósi aukins samráðs, nýrra gagna og áhættumats ásamt áformum um frekari rannsóknir á svæðinu, er það mat Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins að ekki sé

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

lengur þörf á umhverfismati. Mikilvægt sé að úrbætur á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið séu samhliða áframhaldandi uppbyggingu og framkvæmdum í Bláfjöllum og þegar í stað verði lokanir á Bláfjallavegi 417-2 eins og fram kemur í áhættumatsskýrslu VSÓ. Þá verði skoðað að lækka hámarkshraða á Bláfjallavegi í 70 km/klst. Jafnframt ítrekar Framkvæmdastjórnin að sækja þarf um starfsleyfi fyrir hverja framkvæmd áður en framkvæmdaleyfi yrði gefið út og huga að mótvægisáðgerðum sbr. greinagerð VSÓ til að lágmarka áhættu á mengunarslysi.

3. Rannsóknarleyfi Orkustofnunnar til Reykjavík Geothermal ehf. dagsett 3. desember 2018 á mögulegum jarðhita við Bolöldu, en rannsóknarsvæðið nær inn á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Bókun: Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins vekur athygli á að hluti rannsóknarsvæðisins er á fjar- og grannsvæði vatnsverndar og engar framkvæmdir verða leyfðar á því vatnsverndarsvæði án starfsleyfis heilbrigðisnefndar sbr. gr. 24 og 45 í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015.

4. Árleg endurskoðun rennislíkans höfuðborgarsvæðisins, skýrsla Vatnaskila nr.18.11, desember 2018, lögð fram til kynningar. Skýrslan er nú unnin fyrir vatnsveitur höfuðborgarsvæðisins í umsjón Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) en var áður unnin fyrir Orkuveituna. Niðurstaða skýrslunnar er í takt við fyrri skýrslur. Auknar rannsóknir sem boðaðar eru með samningi við ÍSOR ættu að styrkja þetta verkefni enn frekar.

Önnur mál

Lagt fram til kynningar:

- a. Starfsleyfi til Veitna ohf. til að taka niður gamla háspennulínu frá Sandskeiði að Skíðasvæðinu í Bláfjöllum.
- b. Heilbrigðinefnd HHK hefur veitt tímabundið starfsleyfi til niðurrifs 2 sumarbústaða á vatnsverndarsvæðinu, þ.e. í Lækjarbotnaland nr. 4-5 og Lækjarbotnaland 45. Einnig hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur veitt tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrifi á sumarbústað á Elliðavatnsbletti nr. 34.
- c. Gerð var grein fyrir tveimur mengunaráhöppum á vatnsverndarsvæðinu, bruni tveggja sumarbústaða, Lækjarbotnlandi nr. 4-5 og Elliðavatnsbletti nr. 34 og bílvelta í námunda við Sandskeið. Ekki er talið að teljandi mengun hafi hlotist af.

Fundið slitið 11.50